



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs.

Kópavogi, 15. júlí 2025
2209119/511.04 ÁK

Efni: Tillaga að framlengingu á uppsögn leigusamnings Sorpu á Dalvegi

Með bréfi dags. 5. september 2022 var farið fram á við Sorpu bs. að starfsemi Sorpu við Dalveg 1 yrði hætt og að lóðinni yrði skilað til Kópavogsbæjar eigi síðar en 1. september 2024.

Á fundi Sorpu þann 21. desember 2023 var samþykkt að koma á fót starfshópi um staðarval fyrir endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg. Hópurinn skilaði af sér tillögu í desember 2024 sem kynnt var bæjarráði Kópavogs sem fól sviðstjóra umhverfissviðs að vinna málið áfram í samstarfi við Sorpu. Sú vinna stendur nú yfir en er ekki lokið.

Auglýst hefur verið eftir áhugasömum aðilum um þróun á lóðinni Dalvegi 1 sem skilgreind er sem verslunar- og þjónustusvæði í Aðalskipulagi Kópavogs. Umsóknarfrestur var til 30. júní 2025. Eftir er að vinna og velja úr innsendum tillögum. Þeim aðilum sem eiga þá hugmynd sem valin er til áframhaldandi samstarfs verður síðan boðið til viðræðna um lóðarvilyrði til tveggja ára. Innan þess tímaramma skal lóðarvilyrðishafi vinna að tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina í takt við sínar hugmyndir og hugmyndir Kópavogsbæjar um heildarsýn fyrir Kópavogsdal sem settar voru fram í apríl 2024.

Í ljósi ofangreinds er ljóst að tímabundið áframhald á starfsemi Sorpu á Dalvegi mun ekki hafa áhrif á frekari þróun á svæðinu. Því er lagt til að sá tími sem Sorpu var gefinn til að fjarlægja starfsemi sína af Dalvegi 1 verði framlengdur til 1. febrúar 2026.

Virðingarfyllt,

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri

